Nd. **708. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Á þeim jörðum, sem ekki hafa nú vélarfært land, er geti gefið af sér 600 heyhesta í meðalári með sæmilegri ræktun, og ekki geta náð því takmarki að lokinni túnsléttun samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna, skal jarðræktarstyrkurinn greiddur þannig, að ríkið kosti framræslu og vinnslu þess lands, sem til vantar, og er heimilt að ná markinu með sléttun áveitulanda, þar sem því má við koma, enda sé hún þá kostuð af ríkinu.

Skilyrði fyrir þessum framkvæmdum eru:

1. Að sæmilegt ræktunarland sé til á jörðinni og önnur framleiðsluskilyrði í samræmi við framkvæmdina, enda verði fullkomnustu vélar, sem völ er á, notaðar til vinnslunnar, þar sem því verður við komið.
2. Að ræktunarsamþykkt hafi verið sett á svæðinu og viðkomandi búnaðarfélag eða samþykktarhérað ábyrgist fyrir fram, að hlutaðeigandi bændur komi landinu í rækt innan ákveðins tíma, svo að tilgangur framkvæmdanna náist.

Ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands nánari fyrirmæli um þessar framkvæmdir. Þar skal ákveða, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland sé miðað á túni og engjum, hvernig haga skuli eftirliti með ræktun landsins og ábyrgð búnaðarfélaga eða samþykktarhéraða, þar með talin viðurlög við afbrotum og heimildir til baktrygginga frá einstaklingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.